



Fimmtudagurinn 20. maí 2021.

Stjórnarfundur í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur.

2. fundur

Mættir: Sveinbjörn Guðjohnsen (SG), Ásgrímur Jörundsson (JÁ), Erla Guðmundsdóttir (EG), Finnur Kristinsson (FK), Kolbrún Kristín Birgisdóttir (KKB), Salka Jóhannsdóttir (SJ).

Formaður setti fundinn og byrjað var að fara yfir stöðuna á þeim verkefnum sem úthlutað var á síðasta fundi.

1. Hreinsunardagurinn. Leiðrétta þarf á facebook að dagurinn er 29. Maí, en ekki 29. Júní. Svör vegna plastgáms liggja ekki fyrir skýrist vonandi fyrir helgina. Hringrás kemur með járnghám þegar þess verður óskað. Munum panta gám undir timbur fyrir helgina, t.d. hjá Gámaþjónstunni. Almennit sorp verður fólk sjálft að koma í Sorpu. Auglýsum á facebook þegar allt er klárt.
2. SG hafði reynt að finna út hverjir eiga að sinna okkar málum hjá Borginni. Ekki klárt. Ámundi var með þetta á sínum tíma, en það var bent á Ólaf Stefánsson. FK telur að Óli Jón Hertevig sé líklega maðurinn. SG talar við Ámunda og fær á hreint hvaða leið við eigum að fara.
3. GSM samband. FK hafði samband við Mannvit sem sér um dreifinet 4G fyrir Vodafone og Nova og kom skilaboðum til þeirra með tölvupósti eftir að hafa náð í tengilið, til að óska eftir úrbættum. Eftir að ná í Símann.
4. Heimasíða. Hallgerður gat ekki útvegað aðila í þetta, en SG telur sig vera með rétta manninn og hann mun ekki kosta mikið. Verður einföld upplýsinga síða. Þarf að vanda hvað fer inn. Nefnt að gott væri að hafa símanúmer allra eigenda húsa á svæðinu á heimasíðunni, en það þarf samþykki allra fyrir því. KKB ætlar að safna símanúmerum og upplýsingum húseigenda. Listi stjórnarmanna ágætt start.
5. Facebook. SG kominn með admin og FK orðinn moderator. SJ og EG ætla að aðstoða við að greina upplýsingar sem þurfa að vera til að greina t.d. nýja umsækjendur.
6. Lagfæringar.

Langavatnssvæðið. SG, JÁ og PS fóru í skoðunarferð. Lagt til aðsettur verði peningur í að kaupa tilbúinn áburð sem PS er til í að dreifa gegn því að fá greidda olíu á traktorinn. Áður en farið er að setja peninga í Langavatnsgirðinguna er mikilvægt að við finnum samninginn við landeiganda. Hann er að sögn til eins árs í senn og 20.000 kr. Eiga að vera greiddar á ári fyrir notkunina. Ekkert til í bókhaldinun síðustu 3 árin um þetta. Mikilvægt að skoða stöðu okkur með framhald og eins þá hvort við getum haldið áfram að dreifa skít á svæðið vestan við girðinguna.

Lögbergsrétt var skoðuð og er hún í vægast sagt lélegu ástandi ef ekki ónýt. Hvað er til ráða. Þarf að laga fyrir næsta haust. En mikilvægt er að finna varanlega lausn. FK varpaði fram þeirri spurningu hvort Vegagerðin væri kannski frekar til í að kosta akstur á fénu í Fjárborg í staðin fyrir að kosta mannskap ofl. Við að leggja niður vegrið, tyrfa yfir og hafa lögreglu á staðnum, þegar féð er rekið yfir Suðurlandsveginn.

Baðhúsið. Það þarf að hreinsa í kringum baðhúsið á hreinsunardeginum. SG lagði áherslu á að girða þyrfti lóðina af og þá í leiðinni laga gerðið/ fjárgirðinguna. Nokkrar umræður um hvað borgaði sig að gera. Fjáreigendafélagið þarf að eiga girðingu eða í það minnsta komið



fyrir kindum sem koma í réttir úr öðrum sveitarfélögum/réttum. SG áætlaði kostnað ca. 100.000 til að laga aðstöðuna. C.a. 150 m af efni. Fyrsta mál að taka til og sjá hvað er nýtanlegt. Spurning hvort það sé hægt að nota einfaldari girðingu, en hæsnanet. T.d. vengjulegt en 6 strengja girðingarnet með gaddavír að ofan og neðan. Ef hornstaurar eru sterkir ætti það að geta dugað. Setja þarf reglur um nýtingu gerðis við Baðhúsið. Gott að geta boðið þeim sem koma í heimsókn að geyma hross þar á meðan kaffi er drukkið. Setja þarf auglýsingu á facebook um hvernig stjórnin sér fyrir sér að gerðið sé nýtt, þegar búið er að laga það.

Tæma þarf rotþróna og ætlar EG að finna upplýsingar um það sem síðast hreinsaði þróna. Loftunarstútar finnast ekki, en við vonum að ástand þróarinnar sé í þokkalegu lagi.

7. Kerrustæðið. Auglýsa þarf kerrustæðið norðan við hverfið. Verið að kynna í deiliskipulagi. FK setur kynningu inn á facebook og hvetur þá sem ekki hafa pláss fyrir sínar kerrur innan lóðar að leggja þeim þar.
8. Nokkrar umræður urðu um hvað við megum ganga langt í að hreinsa til á lóðum sem ekki eru hús á. Haft verður samband við Jón Matthías Sigurðsson, sem á „lóðina með bátnum“. SG ætlar að heyra í honum. Ætlar einnig að tala við Birgir garðyrkjumann í A17.
9. Heiðursfélagar. SG hafði óskað eftir því að gera 2-3 félaga að heiðursfélögum FG. Hallgerður fékk tilboð frá skrautskrifara. 10.000 pr. skjal. EG benti á þá staðreynd að það þyrfti að samþykkja heiðursfélaga á aðalfundi. Þannig að í raun höfum við ekki lögsögu í þessu. Eitt dæmi um skrítn lög. Skiptar skoðanir, en ákveðið að fresta málinu og taka jafnvel upp sem eitt af lagabreytingum. FK benti á að víða í íþróttafélögum eru skýrar reglur hvað þarf að afreka til að fá svona viðurkenningar. Oft í þrepum, brons, silfur og gullmerki. Verður skoðað síðar.

Næsti fundur eftir viku, fimmtudaginn 27. Maí kl. 17.30.

Fundarritari Finnur Kristinsson.